

Ed.

**841. Frumvarp til laga**

[231. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

**1. gr.**

Aftan við 11. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgiöld hafa þó ekki verið greidd af heim til lífeyrissjóðs. og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stig hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. málsgr. skulu gilda á hlöðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan hafi komið í stað hótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

**2. gr.**

Á eftir 1. málsgr. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

**3. gr.**

1. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laganna falli niður.

**4. gr.**

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppþótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970—1980 skulu gilda frá 1. janúar 1980 að telja.